

# Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 10/2014.

---

Reykjavík, 24.11.2014

2014110284

**Efni: Innköllun á Asian Choice Seafood Mix vegna vanmerktra ofnæmis- og óþolsvalda (egg, sojaprótein, glúten).**

Verslunin Álfheimar hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, innkallað Asian Choice Seafood Mix vegna vanmerktra ofnæmis- og óþolsvalda (egg, sojaprótein, glúten).

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einkorðast við:

**Vörumerki:** Asian Choice.

**Vöruheiti:** Seafood Mix.

**Lotunúmer:** 20160224-Maxport-2466.

**Nettómagn:** 1 kg.

**Best fyrir:** 24.02.2016.

**Geymsluskilyrði:** Frystivara.

**Framleiðandi:** Asian Choice.

**Framleiðsluland:** Kína.

**Dreifing:** Verslunin Álfheimar.

Tekið skal fram að varan er skaðlaus þeim sem ekki eru viðkvæmir fyrir framangreindum ofnæmis- og óþolsvöldum. Samkvæmt matvælalöggjöfinni eiga ofnæmis- og óþolsvaldar að vera skýrt merktir í merkingum matvæla.

Þeir neytendur sem eiga umrædda vöru og eru viðkvæmir fyrir eggjum, sojapróteini eða glúteni, er bent á að skila henni í viðkomandi verslun.